



Prófnefnd um héraðsdómslögmannsréttindi
Þorsteinn Davíðsson, formaður
Þórunn Guðmundsdóttir.
Sigrún Guðmundsdóttir.

Reykjavík, 10. mars 2010

Lagadeild Háskóla Íslands óskaði með bréfi, dags. 20. nóvember 2009, eftir tilteknum upplýsingum varðandi niðurstöður prófraunar til að öðlast málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum. Svarbréf Ingimars Ingasonar framkvæmdastjóra Lögmannafélags Íslands, dags. 17. desember 2009, var nýverið birt á vefsíðu lagadeildar Háskóla Íslands ásamt fylgigögnum. Í þeim gögnum eru útkomur lögfræðinga frá lagadeild Háskóla Íslands bornar saman við útkomur lögfræðinga frá öðrum lagadeildum. Einnig hefur hluti þeirra upplýsinga sem þar birtast komið til umfjöllunar í fjölmiðlum.

Tekið er fram að lagadeild Háskólans í Reykjavík fagnar því að teknar séu saman upplýsingar og greining á gengi lögfræðinga frá hinum ýmsu lagadeildum á prófraun til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda. Slíkar upplýsingar geta verið til mikilvægrar leiðsagnar í innra starfi lagadeilda á Íslandi. Til þess að unnt sé að nýta slíkar upplýsingar með uppbyggilegum hætti er hins vegar afar mikilvægt að þær séu hlutlægar og áreiðanlegar.

Útkoma nema frá lagadeild Háskólans í Reykjavík á prófum í skiptastjórn og fullnustugerðum vekur sérstaka athygli. Árið 2008 virðist sem 83,3% nema frá Háskólanum í Reykjavík hafi staðist þá prófraun en aðeins 38,1% árið 2009 og 33,3% árið 2007. Á sama tíma hafa ekki verið gerðar neinar breytingar á skipulagi námsins eða þessum tiltekna valáfanga hjá Háskólanum í Reykjavík. Lagadeild Háskólans í Reykjavík óskar því vinsamlegast eftir því að prófnefnd láti kanna hvort eitthvað í kennslu eða fyrirkomulagi prófa í þessu fagi á hdl.-námskeiðinu geti skýrt þennan mikla mun sem var á árangri nemenda á milli ára. Staðfest hefur verið að prófspurningar í þessu fagi á hdl.-námskeiðinu séu hvað fullnustugerðir varðar að stórum hluta þær sömu og áður hafa verið lagðar fyrir nemendur í prófum við lagadeild Háskóla Íslands og nemendur sem stundað hafi nám við aðrar lagadeildir sitji því ekki við sama borð í þessum efnum. Er óskað eftir því að þetta verði kannað sérstaklega. Einnig er vinsamlegast óskað eftir fundi með prófnefndinni við fyrsta hentugleika til almennra viðræðna um fyrirkomulag náms og prófa á hdl.-námskeiðinu.

Þá telur lagadeild Háskólans í Reykjavík ýmislegt orka tvímælis í þeim samanburði sem fram er settur í hinum þegar birtu gögnum. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um lögmann nr. 77/1999 skal prófraun til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda bæði vera bókleg og verkleg og ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða rækslu lögmannsstarfa, þar á meðal siðareglna lögmannna. Alþekkt er að fall er ávallt nokkurt á prófrauninni og að starfsreynsla


tengd lögmannsstörfum hefur áhrif á útkomu einstakra prófmanna. Þar sem allar aðrar lagadeildir en lagadeild Háskóla Íslands eru ungar að árum gefur auga leið að prófmenn frá þeim hafa mjög takmarkaða starfsreynslu. Þetta getur skekkt þær niðurstöður sem settar eru fram í ofangreindum gögnum töluvert. Einnig er bent á að birtar upplýsingar miða eingöngu við skráða nemendur á hdl.-námskeiðum en ekki þá sem þreyttu prófraunina í raun, en af sömu ástæðum og að framan greinir er ástæða til að ætla að nokkur hópur nema frá hinum yngri lagadeildum hafi skráð sig á hdl.-námskeiðið en síðan fallið frá því að gangast undir prófin. Vegna þess hve hóparnir frá hinum yngri lagadeildum eru fámennir kann einnig að vera að þessi þáttur skekki þann samanburð sem settur er fram í ofangreindum gögnum. Í ljósi þessa óskar lagadeild Háskólans í Reykjavík eftir eftirfarandi upplýsingum um niðurstöður prófraunar til að öðlast málflytningaréttindi fyrir héraðsdómstólum á árunum 2007 – 2009:

1. Óskað er eftir því að veittar verði upplýsingar um það hve margir nemar frá lagadeild HR og öðrum lagadeildum þreyttu einstök próf og hve margir þeirra sem þreyttu prófin luku þeim með fullnægjandi árangri.
2. Óskað er eftir því að niðurstöður samkvæmt lið 1 hér að framan verði sundurliðaðar miðað við tvo hópa, þá sem luku lagaprófi innan við ári fyrir upphaf viðkomandi hdl.-námskeiðs og aðra.
3. Einnig er óskað upplýsinga um það hve margir þeirra sem hafa nýskráð sig á hdl.-námskeið frá árinu 2007 hafa nú (í árslok 2009) lokið prófi með fullnægjandi hætti, sundurliðað eftir nýskráningarári og lagadeildum.

Ekki er óskað eftir að aðrar lagadeildir en lagadeild HR verði nafngreindar.

Það er mikilvægt fyrir upplýsta umræðu um laganám á Íslandi að allar tölulegar upplýsingar sem unnið er með séu réttar og samanburðarhæfar. Í ljósi fjölmiðlaumfjöllunar undanfarið telur lagadeild Háskólans í Reykjavík því afar mikilvægt að fá fram þær upplýsingar sem óskað er eftir í liðum 1-3 hér að framan. Er þess vinsamlegast óskað að þær verði veittar fyrir umbeðinn fund með prófnefnd og án allra tafa.

Virðingarfyllst,



Þórður S. Gunnarsson
forseti lagadeildar HR

Afrit:

Lögmannafélag Íslands

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri

Álftamýri 9

108 Reykjavík.

Nemendur og starfsmenn lagadeildar HR.